

Ráðherra, Alþingismenn og aðrir góðir fundarmenn.

Ástæða þess að ég stíg í pontu hér í kvöld er einfaldlega sú að mér hefur fundist vanta dýpri umræðu um allan sjávarútveginn. Vonandi fáum við hana hér í kvöld. Mér hefur sviðið það, hversu einsleit umræðan hefur verið. Aðeins hefur verið rætt um útgerðarmenn eða sjómenn, en fólkið sem vinnur í landi lítið fengið að koma sínum málefnum og skoðunum að.

Best er að byrja aðeins á sjálfri mér. Ég fór til Reykjavíkur í skóla, fór í menntaskóla og svo háskóla. Þegar ég útskrifaðist kom ekkert annað til greina hjá mér en að flytja aftur heim. Þetta skapaði nokkrar umræður meðal félagamanna minna. Fékk ég meira segja að heyra það að ég væri skritin. Hver flytur út á land í dag? Var sagt við mig. Einnig var tala um að þar væru nú mun lægri laun og svo framvegis. Það þótti því ekki "kúl" að búa úti á landi og hvað þá að vinna í sjávarútvegi. Nú held ég að hljóðið væri annað. Því að ég trúir því, og veit að flestir vel þenkjandi Íslendingar gera það líka, að fiskurinn mun bjarga okkur úr þessum efnahagslægðum.

Í dag starfa ég sem verkstjóri í fiskvinnslu Guðmundar Runólfssonar hf. í Grundarfirði.

Mikið hefur verið rætt um byggðamál og sjávarútveg eins og þessi tvö atriði tvinnast alltaf saman. Og hefur þá sjávarútvegur fengið á sig mikla gagnrýni vegna veikingar byggðar. Er sú gagnrýni réttlát? Er byggðapróun ekki samspil fleiri þátta?, s.s. samgangna, skóla, heilsugæslu og auðvitað fjölbreyttrar atvinnu og þá ekki einungis sjávarútveg? Oft hefur verið notuð rök eins og : Hvernig er hægt að vera viss um að útgerðir flytji EKKI kvótann eitthvað annað. Ég segi á móti hvernig getum við verið viss um að öll atvinnustarfsemi hvort sem það eru fiskvinnslur, byggingarfyrirtæki eða verslun loki, hætti starfsemi eða flytji sig hreinlega um set? Við getum það ekki! En við getum búið til umhverfi þar sem fyrirtæki sjái hag í því að vera um kjurt og halda áfram starfssemi og blómstra. Við eigum því ekki að leggja hamlandi löggjöf á sjávarútveginn umfram aðrar atvinnugreinar.

Það umhverfi sem núverandi stjórnvöld hafa skapað í sjávarútvegi er ólíðandi. Endalausar hótanir um fyrningar, auknar skattheimtur og opinbera stýringu, á því hvernig sjávarafurðir eru unnar eða ekki unnar, eru bara til þess fallnar að stöðva þróun og framfarir í greininni. Leigumiðlun á aflaheimildum er nánast frosin og því sú hagkvæmni sem hún býður upp á horfin.

Fiskvinnsla Guðmundar Runólfssonar hf. hafið áður sérhæft sig í framleiðslu á tveimur tegundum þ.e. ýsu og karfa. Núna neyðumst við til að framleiða fleiri tegundir s.s. þorsk og ufsa.

Þegar skipt er út tegundum tekur alltaf nokkurn tíma fyrir fólkið í vinnslunni að ná fullum afköstum á nýju tegundinni. En ekki eru sömu handbrögð við hverja fisktegund. Þegar afköstin minnar þá fellur bónusinn hjá starfsfólkinu og þannig lækka launin.

Einnig hverfur öll sérhæfing í sölumálum því það þarf að selja mun fleiri tegundir. En eins og flestir vita verða til fleiri en ein afurð úr hverri fisktegund sem fer inn í vinnsluna.

Áður var hægt að skipta út aflaheimildum í leigumiðlun t.d var hægt að skipta út ufsa fyrir karfa o.s.fv. Vegna óábyrgrar ummæla stjórnarliða svo og mikill samdráttur í aflaheimildum hefur þessi leigumiðlun nærri lagst af.

Þar sem sérhæfing okkar er ekki lengur til staðar hefur hagkvæmnin sem henni fylgdi líka horfið og þannig fært okkur nokkur á aftur í tímann.

„Til að sjávarútvegur sem og öll önnur atvinnustarfsemi geti skipulagt rekstur og fjárfestingar sínar þarf að ríkja stöðugleiki og skýr stefna stjórnvalda. Núverandi umhverfi sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa skapað vegna hótana sinna er því ólíðandi.

Ég er landsbyggðar manneskja, og stolt af því. Ég veit að u.þ.b. 90% af aflaheimildum Íslands eru utan höfuðborgarsvæðisins. Því segi ég að svokölluð fyrningaleið er bara ein leið til að leggja auknar byrðar á okkur sem búum á hér landsbyggðinni.“

Skerðingin á aflaheimildum, og þá einnig fyrning aflaheimilda, hefur einnig mikið áhrif á starfsfólk fiskvinnsla. Vinnslan stoppar mun lengur í jóla-og sumarfríum. Einnig er mun meira af hráefnisskortsdögum. Þ.e. þegar ekki næst nóg af hráefni inn í vinnsluna til að vinna, og stoppar þá vinnsla í einn eða fleiri daga. Þó fær fiskvinnslufólk kauptryggingu en hún nær ekki fullum launum eins og þegar full vinnsla er í gangi. Því þá fær fólk greidda bónusa eftir því hve vel gengur í vinnslunni.

Fyrir daga kvótakerfisins bjó fiskvinnslan á Íslandi fiskverkafólki upp á óviðunandi starfsöryggi. Fólk hafði örugga vinnu yfir vertíðina en ekkert þess á milli. Kvótakerfið tryggði það að fiskvinnslan skipulagði sig og bauð upp á stöðuga og jafna vinnu allt árið um kring.

Annað mál sem hefur haft mikið áhrif til kjaraskerðingar hjá fiskvinnslufólki sem og öllum landsmönnum en það eru breytingar á skattalöggjöf landsins. Hef ég fundið það að hækkanir á skattinum hafi orðið vinnuletjandi. Manni finnst skrítið að fólk sem stundar fulla vinnu og hefur örlítið hærri tekjur en 200.000 kr. í mánaðarlaun þurfi að greiða aukin skatt. Hef ég jafnvel heyrt fólk segja af hverju það eigi að standa í þessu þegar það getur verið heima og fengið 160.000kr. í bætur. Þetta finnst mér ekki í lagi.

Það mun aldrei ríkja sátt um það ef skattleggja á sjávarútveginn enn frekar og þannig gera það að verkum að laun í fiskvinnslu verði aðeins hálfdrættingur á við opinber laun.

Nú hef ég farið yfir þær breytingar og hótanir um breytingar sem hafa dunið á íslenskt samfélag sem og sjávarútveginn. Því vil ég hvetja stjórnvöld til að fara hægt í allar breytingar hvort sem það eru í skerðingum eða fyrningum á aflaheimildum, eða annari löggjöf. Þessar breytingar hafa mun meiri áhrif heldur en stjórnvöld viðrast gera sér grein fyrir.

Takk fyrir.